



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2022-23
Starfsáætlun 2023-2024

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Gaudium ehf.*

Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir. Stefnan lítur svo á að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggióskóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia og er endurmenntun við þá stofnun þegar bókuð fyrir komandi skólaár.

Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

*Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun*

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2023

Árgangur 2017, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert og eitt barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2022-2023.....	15
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2022-2023	19
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2022-2023	24
Innra og ytra mat skólaárið 2022-2023	29
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2023-2024.....	31
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar.....	33
Samstarf.....	34
Fylgiskjöl	37

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesþroski - Skapandi starf
eru þrjár megin stoðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Lögð er áhersla á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Rammar og reglur höfða til skynsemi barnanna svo þau öðlist innri aga. Áhersla er á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við erum til staðar og hjálpum barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi er lögð rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannsiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfstjórn barnsins, innri aga og ró.



Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu).




Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með börnum á öllum deildum Regnbogans. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



Skapandi starf í anda Reggíó-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema. Reggíó stefnan er í anda Menntastefnu borgarinnar þar sem barnið er virkur þátttakandi í öllu skólastarfi.



Námskrá Regnbogans er fljótandi námskrá og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrir fram en stundin oftast gripin. Þó erum við, að nokkru leyti, með formlegra og verkefna miðaðra nám á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesþroska og Skapandi starfi.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf enn betra.

Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði - Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska.

Leikskólastarf í Regnboganum

Skólastarfið byggir m.a. á rannsakandi vinnubrögðum, uppgötvunarnámi og úrvinnslu yfir lengri eða skemmri tíma hverju sinni. Framvinda uppeldis og menntunar tekur mið af áhuga og virkni barnanna og hvert tilraunir þeirra og uppgötvanir leiða okkur. Námskrá Regnbogans er svo kölluð fljótandi námskrá (emergent curriculum) því er ekki hægt að kynna nákvæma starfsáætlun fyrirfram, einungis að gera grein fyrir áherslum og vinnubrögðum. Það er mikil áskorun hvers kennara að styðja nám og uppgötvun barna í þeim kringumstæðum sem skapast, hvetja og efla til rannsókna, fylgja eftir og að gera meira með hugmyndir sínar. Það er ósk okkar að leikskólinn sé lifandi náms- og lærdómssamfélag barna og fullorðinna.

Mannauðsmál

Líkt og fyrri ár var Regnboginn vel mannaður á starfsárinu, bæði af fagfólki og leiðbeinendum. Ákveðin endurnýjun var að hausti m.a. þar sem leiðbeinendur hófu nám að nýju osfrv. Við vorum vel mönnuð af háskólanemum sem koma bæði á reglulegar vaktir og svara þess að auki kalli ef þörf krefur. Veikindaleyfi voru töluverð á skólaárinu sem höfðu mikinn kostnað og aukið álag í för með sér. Þá var ljóst að ferðahugur starfsfólks var mikill eftir Covid og reynt var að koma á móts við beiðnir starfsfólks um leyfi.

20 ára afmæli skólans

Þann 3. mars 2023 fagnaði leikskólinn 20 ára starfsafmæli sínu og haldin var, af því tilefni, veisla fyrir gesti og gangandi þar sem börnum, foreldrum og fjölskyldum bæði núverandi og fyrrverandi nema var boðið. Slegið var upp veisluhöldum í matsal skólans, Graduale kór Langholtskirkju tók á móti gestum með söng. Elstu börn skólans sungu fyrir gesti við undirspil Kristbjargar sérkennslustjóra. Mikil og dásamleg mæting var og var dagurinn í heild sinni dásamlegur.

Í tilefni af afmælinu var gert sameiginlegt verkefni á öllum deildum þar sem Regnboginn var notaður sem innblástur. Hver deild fékk tvo liti til að vinna með og máluðu börnin og

föndruðu á pappadiska sem síðan voru hengdi upp í fataherberginu. Hver deild setti auk þess upp listasýningu á sinni deild þar sem bæði verk barnanna og skráningar fengu að njóta sín.

Þegar Lovísa Hallgrímsdóttir stofnaði leikskólann lagði hún upp með þrjú megin markmið. Þau voru að leikskólinn væri **bjartur og flæðandi, heimilislegur og notalegur** og síðast en ekki síst að **leik- og kennslurými myndi nýtast inn á deildum**. Þessi markmið hafa verið leiðarsljós allar götur síðan og oft það fyrsta sem foreldrar og aðrir gestir segja þegar þeir koma inn í Regnbogann er einmitt hvað hann er heimilislegur og notalegur. Það er samvinnuverkefni allra sem koma að Regnboganum að skapa það vinalega og heimilislega andrúmsloft sem hér ríkir þar sem gildin okkar virðing, gleði og umhyggja eru leiðarljós okkar í öllum samskiptum.

Til heiðurs stofnenda skólans var skilti útbúið og hangir það við inngang skólans:

Hjónin Lovísa Hallgrímsdóttir og Ámundi Jökull Játvarðsson stofnuðu Regnbogann þann 3.mars 2003.
Lovísa er frumkvöðull að þróun starfsins í Regnboganum þar sem hugur og hjarta réðu för í að búa börnum frjótt og skapandi námsumhverfi í anda Reggio Emilia.

Börn eru merkilegt fólk



Áherslur leikskólans í starfi eru *Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Skapandi starf í anda Reggio Emilia og mál og læsi*. Í öll þessi ár hefur mikið verið lagt upp úr því að allt starf í leikskólanum sé í takt við áherslurnar. Í tilefni af afmælinu fannst okkur mikilvægt að gera áherslum okkar hátt undir höfði og voru útbúin stór plaköt sem útskýra bæði í máli og myndum hvað fellst í hverri áherslu fyrir sig. Voru til þess fundnar ljósmyndir sem sumar spanna mörg ár aftur í tímann. Það má því segja að plakötin séu vitnisburður um spor barnanna sem gengið hafa í gegnum leikskólann síðustu ár. Plakötin má finna hér fyrir neðan.

Frábær mæting var í afmæli skólans, en þó bentu nokkur börn á að það hafi vantað almennilega afmælisköku í stað smásætinda, enda afmæliskökur nauðsynlegar í öllum afmælum.

SKAPANDI STARF Í ANDA REGGÍÓ EMILÍA



Leiðarljós Regnbogans er að. Öll börn eru máttug, frjó og hæfileikarík, með fjölbreytta eiginleika og möguleika til þroska. Það er hlutverk okkar sem störfum í Regnboganum að skapa börnum tækifæri og aðstæður til að nýta allt það sem í þeim býr.



Markmið Regnbogans er að barnið öðlist; góðan almennan þroska, tilfinningalega færni, sterka sjálfsvitund, sjálfsaga, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóa hugsun. Þessir þættir eru grundvöllur þess að börnin verði hamingjusamir einstaklingar, með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og vera frumkvöðlar í lífi og starfi.



Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að búa þeim frjótt og vel skipulagt leik- og námsumhverfi (inni sem úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana.



Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna þar sem öll skynfæri fá að njóta sín. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Þær samræður og uppgötvunarir sem eiga sér stað í ferlinu eru það sem fleytir barninu áfram í þroska.



Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema.



Eðlilegasta tjáningarform ungra barna er í gegnum leik, frjálsan og sjálfsprottinn, sem er kjarninn í öllu námi og starfi leikskólans. Leikurinn í sinni fjölbreyttustu mynd er leið náms og þroska í lífi ungra barna og gegnum hann þroskast börn og eflast vitsmunalega og tilfinningalega. Í leik öðlast börn m.a. gleði, kjark, þekkingu, færni og frjóan huga.



Virðing · Gleði · Umhyggja


SKAPANDI STARF

Í ANDA REGGÍÓ EMILÍA



Loris Malaguzzi sagði: „Börn eru gullnáma, hlutverk þess fullorðna er að fá gullið til að glóa.“

Í Regnboganum eru leiksvæðin skipulögð með það í huga að ljóða börnunum uppá sem fjölbreyttast náms- umhverfi. Leiksvæðin köllum við stöðvar og börnin leika og nema á tilteknum tímum í stöðvavinnu.



Daemi um stöðvar eru: ljósastöð, hreyfistöð, listastöð, kubbastöð, útistöð, málstöð, könnunarleikur o.fl. allt eftir því hvað áhugi barnanna kallar á hverju sinni.



SKRÁNINGAR

Við gerum starf barnanna sýnilegt með teikningum þeirra, ljósmyndum og skráningum. Skráningar hjálpa kennurum að skilja betur hugsun barna, tilraunir og uppgötvunar og sýna börnunum að verk þeirra séu metin.



Jafnframt sýna skráningar foreldrum hvað börn hugsa og framkvæma og opna augu samfélagsins fyrir fjölbreyttum hæfileikum barnanna. Teikningar, skráningar og ljósmyndir um nám barnanna í Regnboganum eru sett saman í námsbók sem afhent er við lok hvers skólaárs.



ÚTINÁM

Útinám er mikilvægur liður í leikskólanum, þar sem börnin læra að njóta þess að vera úti og þeim kennt að meta margbreytileika íslenskrar veðráttu. Á leikskólalóðinni fá börnin tækifæri til að afa gröfhreyfingar og fá útrás fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað.




Í göngutúrum gefst tækifæri frekara náms og uppgötvana þar sem vakin er athygli á ýmsum hugtökum tengdum náttúru og umhverfi. Lögð er áhersla á að börnin læri að þekkja húsdýrin, fugla og ýmis smádýr sem búa í náttúrunni og heiti á trjám, lággróðri, blómum o.fl. Umhverfismennt og umhverfisvernd eru samfléttuð daglegu lífi, námi og starfi og við kennum börnunum að virða og vernda náttúruna og vera sjálf landverðir allt lífið.



MÁL OG LÆSI



Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn. Í Regnboganum er unnið með mál- og lesþroska strax frá því að börnin byrja á yngstu deildinni og bætt í eftir því sem börnin eldast.



Talað mál og lestur eru mikilvægustu stöðir í málþroska barnanna. Með því að nota fjölbreyttan orðaforða og útskýra merkingu orða og hugtaka eflum við orðaforða barnanna. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima, og í leikskólanum, til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða.



Mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er að lesa fyrir börn og venja þau við bæði bækur og ritmál. Skipulagðar lestrarstundir eru a.m.k. einu sinni á dag á öllum deildum og þess utan er gripið í bók við ýmis tækifæri.



Við gerum ritmálið sýnilegt í leikskólanum og stuðlum þannig að tengslum ritmáls og leiks. Smám saman læra börnin að hljóða stafina, ríma, klappa takt/atkvæði, tengja máhljóð saman í merkingarþær orð, að para saman hljóð, sundurgreina o.fl. Samræður, sögur, söngur og söngtexti veita börnum góða þjálfun í að afa málið og nota það. Allir þessir þættir eru mikilvægir liðir í að efla hljóðkerfisvitund barnanna og eru undirstaða fyrir lesþroska.



STÆRÐFRÆÐILEGT LÆSI

Í gegnum leik eflum við stærðfræðilegt læsi barnanna. Börnin læra um helstu formin og reyna finna þau í umhverfinu. Þá afa börnin sig í að telja og skilja hvað stendur á bak við fjölda, læra að flokka, para saman og sundurgreina.



Unnið er með margvíslega kubba sem efla tilfinningu fyrir lögun, jafnvægi, burðarþoli og ýmsa verkfræðilega hugsun í leik. Allt stuðlar þetta að dýpri stærðfræðilegum skilningi þegar í formlegra nám er komið á efri skólastigum.



Virðing - Gleði - Umhyggja

LUBBI FINNUR MÁLBEIN



Lubbi finnur málbein er námsefni fyrir börn á leikskólaaldri sem styður við þróun máls og læsis.



Hugmyndafræðin að baki Lubba byggir á hljódnámi í þrívídd þar sem mörg skyntíeri eru virkjuð í námi með málhljóðin.



Á öllum deildum er unnið með eitt málhljóð á viku á fjölbreyttan hátt. Þegar málhljóð vikunnar er lagt inn sjá börnin stafinn (sjónskyn), heyra málhljóðið (heyrnaskyn) og gera táknið sem fylgir hverju málhljóði (hreyfiskyn). Allt þetta er svo sett saman í lag sem fylgir hverju málhljóði.



Á Gulu deildinni er aðaláherslan á að syngja löggin og læra tákni málhljóðanna. Á eldri deildunum tveimur er unnið með málhljóð vikunnar á margvíslegan hátt. Þau skoða málhljóðin, læra tákni þeirra og söng. Þegar börnin hafa náð aldri og getu lesa þau sögu sem tilheyrir hverju málhljóði og síðar fara þau að finna fleiri orð sem byrja á málhljóði vikunnar.



Á Grænu deildinni er bætt enn frekar í námið með Lubba. Í bókinni um Lubba ferðast hann vítt og breytt um landið í leit að málbeinum. Með elstu börnunum styðjast kennarar við Íslandskort til að staðsetja Lubba hverju sinni. Á sama tíma eru lögð inn hugtök eins og norður, austur, suður, vestur o.fl.



Það hefur sýnt sig í gegnum árin að náms-efnið um Lubba eflir hljóðkerfisvitund og málþroska barnanna og er góður undirbúningur fyrir lestrarnám í grunnskóla.

TILFINNINGALEGA STYÐJANDI UMHVERFI



Börn eru máttug og mikilhæf og búa yfir fjölbreyttum hæfileikum til að tileinka sér færni og þekkingu. Það er hlutverk hinna fullorðnu að skapa þeim tækifæri til að nýta allt það sem í þeim býr. Í Regnboganum leggjum við okkur fram við að skapa tilfinningalega styðjandi umhverfi þar sem gildin okkar, *virðing, gleði og umhyggja*, ráða ríkjum.



Áhersla er á að skapa börnum uppeldis- aðstæður sem efla tiltrú þeirra á eigin getu, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfsvirðingu. Gleði og skapandi samskipti eru mikilvæg svo börn öðlist færni í að koma skoðunum sínum á framfæri, að virða skoðanir annarra og eiga með þeim góða samleið í leik og starfi.



Í daglegu starfi leggjum við áherslu á að efla sjálfstraust barnanna og færni í samskiptum þar sem vináttu, samkennd og tillitssemi ríkja milli barnanna og milli barna og fullorðinna.



Það er okkar hlutverk að mæta tilfinningum barna í gleði, reiði, sorg og öllu þar á milli af virðingu og yfirvegum. Að hjálpa hverju barni að skilja og greiða úr tilfinningum sínum og ekki hvað síst að samgleðjast í undrun og upplifun.



Við leggjum rækt við skýran ramma í daglegu starfi þar sem réttlátar reglur gilda. Áherslan er á að höfða til skynsemi barnanna svo þau öðlist innri aga og hvatningu svo börnin gefist síður upp þó á móti blási.



Okkar sýn er að öll börn séu sterk og hæfileikarík, hvert á sinn hátt. Allt þetta er hluti af tilfinningalega styðjandi umhverfi.



Fræðsla til starfsfólks

Eitt af markmiðunum á þessu skólaári var að efla stjórnendur sem faglega leiðtoga. Liður í því var að 5 kennarar fóru á námskeið til Reggíó Emilía á Ítalíu til að dýpka þekkingu sína á Reggíó fræðunum. Um er að ræða 5 daga námskeið sem farið var í fræðin frá morgni til kvölds. Kennarar kynntu ferðina og þann lærdóms sem þeir drógu af henni á skipulagsdegi.

Þá var lögð áhersla á að styrkja stjórnendur í að takast á við þær áskoranir sem þeir glíma við í daglegu starfi og fengum við Sigríði Indriðadóttur hjá Saga Competence til að vera með námskeið fyrir stjórnendur. Markmið námskeiðisins er að gera stjórnendur meðvitaðri um sjálfa sig, styrkleika sína og áhrif stjórnenda á líðan, líðsheild og frammistöðu starfsfólks. Mikil ánægja var með námskeiðið hennar Sigríðar og var ákveðið að fá hana einnig til okkar á skipulagsdag fyrir allt starfsfólk. Þar var farið í ábyrgðir okkar í samskiptum og útbúinn samskiptasáttmáli úr niðurstöðum hópastarfs alls starfsfólks.

Endurnýjun á skólaári

Töluvert viðhald, smíða- og málningarvinna fór fram í sumarfríum, bæði innanhúss sem og úti á leiksvæði. Vor og sumarleyfi 2023 var nýtt til málningar, bæði innan dyra sem utan. Risa aspir voru fjarlægðar út garði skólans og ný rennibraut sett upp við kastalann. Þá höldum við áfram að meta og skoða hvort og hvernig við getum nýtt starfssvæði okkar og barnanna á sem allra besta máta til að skólastarfið flæði sem best.

Jafnlaunastefna og staðfesting

Skv. reglugerð Jafnréttisstofu þurfa fyrirtæki með starfsmannafjölda yfir 50 manns að skila inn jafnlaunavottun, fyrirtæki með 25-49 manns þurfa að fá jafnlaunastaðfestingu. Vegna Covid og þeirri fjarveru sem af Covid olli og afleysingafólk sem við kölluðum inn fórum við yfir 25 manns sem er umfram þann mannskap sem starfar við skólann alla jafna (hér eru ekki talin ársverk heldur fjöldi starfsmanna á launaskrá yfir árið). Fyrirtækið Ráður var fengið til að fara með okkur í þetta ferli, en finna má jafnlaunastefnu skólans á heimasíðu okkar. Í nóvember 2022 fengum við loks bréf frá Jafnréttisstofu þess efni að Gaudium ehf, rekstraraðili Regbogans, uppfyllti skilyrði 8.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og erum við því komin með jafnlaunastaðfestingu. Þessi staðfesting gildir í 3 ár og mun endurnýjun að fara fram í nóvember 2025.

Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2022-2023

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og dvelja þar 17 börn. Skólaárið 2022-2023 voru þrjú börn fædd 2020 og fjórtán börn fædd 2021.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Lubbastundir og vinafundir

Á Gulu deildinni hefur verið unnið með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ í mörg ár og eru Lubbastundirnar vel skipulagðar og í takt við aldur barnanna á deildinni. Markmið á þessu skólaári var að afmarka betur hvaða mállhjód unnið er með á Gulu deildinni og finna vinafundum nægjanlegt rými samhliða Lubbastundunum. Hugmyndin um hæglátt leikskólastarf er okkur ofarlega í huga og viljum við gæta að því að fylla ekki dagskipulagið af fyrirfram skipulögðum stundum heldu gefa þeim rými í jafnvægi við frjálst flæði.



Í Lubbastundum vinnum við nú með mállhjóðin sem miðað er við að börnin séu búin að ná við 2ja ára aldur sbr. hljóðakletta Lubba. Því til viðbótar vinnum við með fyrsta mállhjód í nöfnum barnanna séu þau utan þessara hljóða.

Ákveðið var að einbeita okkur að Lubbastundum fyrir áramót og hefja vinafundi eftir áramót. Við höldum að sjálfsgöðu mállhjóðunum enn á lofti í söng og daglegu lífi.

Eftir áramót fór deildarstjóri á fræðslufund hjá Barnheillum þar sem Bergrún Ísleifsdóttir leikskólakennari var með fræðslu fyrir kennara. Hún hefur unnið með efnið fyrir 0-3 ára í mörg ár og miðlaði hún reynslu sinni af efninu. Það var mjög gagnlegt að sjá hvernig hún hefur unnið með efnið. Bergrún hefur brotið efnið upp og aðlagð það að ungum börnum og var svo elskuleg að deila með okkur því sem hún hefur gert og á þakkir skilið fyrir það.

Við erum nú að vinna jafnt og þétt að því að búa til sveigjanlegan ramma utan um vinafundina. Gerð er dagskrá fyrir vinafund sem nýtist í tvær vikur í senn. Allt efni fyrir vinafundinn er sett í poka sem er auðvelt fyrir starfsmenn að grípa með sér og er þá allur efniviður sem þarf til stundarinnar reiðbúinn til notkunar. Skipulagið er þó ekki skrifað í stein og ef upp koma aðstæður sem okkur finnst þörf að vinna með þá breytum við til.





Á Gulu og Rauðu eru börn sem tilheyra sama árgangi en eru á sitt hvorri deildinni. Í ár voru 3 þrjú börn fædd 2021 á Gulu og 15 á Rauðu. Markmið okkar var að halda áfram að gæta að því að börnin sem eftir eru á Gulu missi ekki af félagslegum tengslum við jafnaldra sína á eldri deildinni. Þau fóru um það bil einu sinni í mánuði í leik með börnunum á Rauðu deildinni fyrir utan vinadaga og

aðrar uppákomur þar sem opið var á milli deilda.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaþáttum á árinu og viljum við halda áfram á sömu braut og næsta skólaári.



Skapandi starf í anda Reggíó Emilía

Allan ársins hring metum við starfið okkar með áherslu á skapandi starf í anda Reggíó Emilía. Við reynum eftir bestu getu að leggja áherslu á flæðið og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu. Skráningar skipa stóran sess í starfinu og höfum við síðustu ár verið að endurmeta hvernig við gerum skráningar. Þau skref sem hafa verið tekin eru meðal annars að straumlínulaga tölvuvinnuna til að stytta tímann sem fer í að undirbúa skráningu í tölvunni. Gerðum við það með því að



útbúa skráningarform sem auðvelt er að nýta sér og gerir vinnuna töluvert skilvirkari. Það hefur auk þessi verið okkur ofarlega í huga hvað það er sem við skráum og hvernig. Myndrænar skráningar eru stór partur af starfi í anda Reggíó Emilía og skipa þær stóran sess í námsbókum barnanna. Með tilkomu Sway bréfanna gafst annars konar leið til skrá nám og starf barnanna og myndaðist dýrmætur gluggi fyrir foreldra að skyggjast inn í daglegt líf



barna sinna í leikskólanum. Það tók okkur þó dálítinn tíma að átta okkur á því að vissulega eru Sway bréfin önnur leið að skráningum sem gera starf barnanna sýnilegt út á við. Á yngstu deildinni kynnum við ýmsan efnivið og aðferðir í stöðvavinnu og reynum eftir bestu getu að elta áhuga barnanna. Í ár lásum við bókina „Hákarl í garðinum“ eftir Nick Sharratt. *Hákarl í garðinum* er bók sem er ávallt vinsæl á Gulu deildinni. Í henni er Tómas Páll í garðinum með nýja

sjónaukann sinn. Í hvert sinn sem hann kíkir í sjónaukann sér hann eitthvað grunsamlegt. Hann horfir upp í loft, niður á jörð, til hægri og til vinstri og sér þá eitthvað sem lítur út eins

og hákarl. Við notuðum pappahólka sem sjónauka og gerðum eins og Tómas Páll. Þegar við sáum uggann í bókinni hrópuðum við saman "ÞAÐ ER HÁKARL Í GARÐINUM! Þegar við flettum síðunni komumst við að raun um að ugginn tilheyrir einhverju allt öðru en hákarli.



Bókin vakti mikla lukku og áhuga barnanna og því var ákveðið að vinna með hákarlaþema á fjölbreyttan hátt. Það birtust hákarlar á veggjum deildarinnar sem vöktu að sjálfsgöðu forvitni barnanna. Á grjónaborði leyndust hákarlar í felum sem síðan færðu sig inn á deild í leik barnanna. Litskrúðugir hákarlar urðu til á listastöð sem fengu að svamla um í heimatilbúnum sjó. Við tókum pappahólkana með okkur í hákarlagöngutúr þar sem leituðum að hákörllum á leikvellinum. Við teljum okkur hafa náð vel að vinna að markmiðum varðandi starf í anda Reggíó Emilía og skráningar og höldum áfram á sömu braut á næsta skólaári.



Umbótaáætlun *Gulu* deildar fyrir starfsárið 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuð við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hring metum við starfshætti í leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Sjá punkt hér að neðan	Deildarstjóri	2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfið á deildinni er í takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Efniviður og umhverfi	Ná betra flæði í umhverfi barnanna á deildinni.	Losa okkur við húsgögn sem henta ekki aldersbilinu á Gulu og fá önnur sem henta betur.	Deildarstjóri Starfsmenn deildar	2023-24	Deildarfundum	Leikumhverfi barnanna hentar þeirra aldersbili og svæði vel skipulögð.
Hlutverk starfsmanna í útiveru	Efla faglegt starf í útiveru.	Fræðsla Verkefnastjóri í 50% starfi sem heldur utan um hreyfi og útikennslu.	Skólastjóri Verkefnastjóri Deildarstjóri	2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfsmenn eru virkir þátttakendur í útiveru barnanna og gera sér farum að stuðla skapandi starf á útisvæði.

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2022-2023

Mið deild skólans heitir Rauða deild og dvelja þar að jafnaði 28 börn. Skólaárið 2022-2023 samanstóð deildin af 15 drengjum og 13 stúlkum. Börn fædd árið 2019 voru 13 talsins og börn fædd 2020 voru 15 talsins.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Börnum er skipt í tvo hópa eftir árgöngum. Í stöðvavinnu var boðið upp á þrjár til fjórar stöðvar og börnin fengu sjálf að velja sér stöðvar. Flæði á milli stöðva gekk vel en stundum þurfti að hólfa svæði til að skapa aukna ró. Börn á þessum aldri hafa flest stutt úthald á hverju svæði fyrir sig og eru því mikið að skipta á milli verkefna og prófa ólíka hluti.

Fyrir áramót tóku öll börn þátt í þemavinnu um köngulær og vefinn þeirra. Börnin lærðu lög um köngulær og teiknuðu, máluðu og bjuggu til sína eigin könguló. Einnig var allskonar efniviður notaður til að búa til köngulóavefi.



Eftir áramót fór eldri árgangurinn í þemavinnu tengdri bókinni um Pétur og úlfinn. Höfundur sögunnar samdi söguna og tónverkið til að kynna heim sígildrar tónlistar fyrir börn. Það var mikill áhugi hjá börnunum að hlusta á söguna og skoða bókina í leiðinni. Þau lærðu um hljóðfærin sem notuð eru í sögunni. Börnin spiluðu spil um Pétur og úlfinn og völdu sér svo uppáhaldspersónu og hljóðfæri úr sögunni. Þau teiknuðu, máluðu og útbjuggu skúlpúr. Að lokum þá endursögðu börnin söguna með því að skoða bókina.



Hvað varðar yngri árganginn þá fór hann í þemavinnu sem tengdist kisum. Lesnar voru bækur um kisur sem og sungin lög. Börnin skoðuð myndir af kisum og reyndu að finna þær í útinámi. Þau teiknuðu myndir af kisum og að lokum útbjuggu þau til sína eigin kisu úr allskyns efnivið. Við settum okkur markmið að vinna með fleiri styttri þema verkefni yfir

veturinn sem myndi henta báðum árgöngum. Okkur finnst við hafa náð því markmið en það má þó alltaf gera betur og ætlum við að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.



Skráningar skipa stóran sess í starfinu á deildinni. Myndrænar skráningar eru fyrirferðamestar á deildinni. Með myndrænum skráningum náum við að fanga starf deildarinnar í leik og starfi og eru skráningarnar sýnilegar börnum, foreldrum og starfsfólki Regnbogans. Skriflegar skráningar voru gerðar bæði með eldri og yngri hóp þó er mest notast við myndrænar skráningar. Fyrri hluta vetrar eru margir í yngri árgangnum ekki farin að tjá sig það mikið með orðum að hægt sé að gera stórar skráningar með þeim.

Lubbi finnur málbein

Á öllum deildum leikskólans er unnið með Lubba og máhljóðin, á mismunandi hátt eftir aldri og getu barnanna. Á rauðu deildinni er markvisst unnið með eitt máhljóð á viku. Í Lubbastundum skoða börnin stafinn, læra tákni hans, máhljóð og söng. Börnin í eldri árganginum voru samhlíða Lubba að vinna með sinn eigin upphafsstaf. Þau lituðu stafinn sinn og mótuðu hann í leir ásamt því að æfa sig í að skrifa stafinn sig og þegar leið á árið nafnið sitt.



Tilfinningalega styðjandi umhverfi



Við byrjum yfirleitt haustið á því að vera með vinaverkefni. Þá gera nokkur börn listaverk saman og svo yfir allt árið erum við að vinna með tilfinningar, m.a. í gegnum starf okkar með Blæ. Við höfum lesið og rætt um ólíkar tilfinningar á borð við hræðslu, þirring, leiða, sorg og gleði. Við höfum einnig sungið um þær og velt því fyrir okkur hvað gerist í líkama okkar þegar við erum t.d. glöð og leið. Við höfum lært að þekkja grunntilfinningar okkar og kynnst því hvernig hægt er að bregðast við þeim á fjölbreyttan hátt.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að flétta vináttuverkefnið Blæ meira inn í starfið og gera Blæ enn sýnilegri. Samkvæmt hugmyndafræðinni á að samþætta verkefnið í allt námsefnið og teljum við að það hafi tekist þó að það sé alltaf svigrúm fyrir bætingar. Þetta var meðal annars gert með því að tileinka sér grunn-gildin í daglegu starfi: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Blær er geymdur í hillu þar sem börnin ná í hann og mega taka hann með í leik þegar þau vilja. Einnig er hann notaður í hvíld með börnunum og hefur farið með í göngutúra.



Námsefnið og Blær frá Barnheillum nýtist vel í starfi á deildinni og munum við halda áfram þróun þess á næsta skólaári. Fyrir þetta skólaár var farið í að gera meira skipulag í kringum vinafundina og efnið gert aðgengilegra. Yngri árganginum var skipt niður í minni hópa og var reynt að hafa skipulagða vinastund einu sinni í viku. Í fyrra var keypt taska sem hentar aldrinum 0-3 ára og hentar hún betur fyrir yngri árganginn á Rauðu deildinni. Eldri árgangurinn fór einnig í vinastund í fámennum hópum.

Umbótaáætlun *Rauðu* deildar fyrir starfsárið 2023-2024

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hrinig metum við starfshætti leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía		Deildarstjóri	Starfsárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfið á deildinni er í takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Flæði og hæglátt leikskólastarf	Auka rólegheit í leik - meiri núvitund. Opna leikrýmin betur þannig að börn fái sjálf að ákveða hvar og með hvaða efnivið þau leika án takmarkana. Nýta rýmið betur sem þriðja kennarann	Fræðsla um hæglátt leikskólastarf og umræður um flæði inn á deild og mikilvægi frjálsa leiksins. Fræðsla um rýmið sem þriðja kennarann og auka ábyrgð kennara á deild að lesa í umhverfið og vita hvenær þarf að breyta til í leik og styðja við börn í vali.	Deildarstjóri Leikskólakennarar	2023-24	Deildarfundir og fagfundir kennara á deildinni. Skráningar á leik barnanna með það að markmiði að sjá auknið flæði og ró í leik.	Starfsmenn eru virkir þátttakendur og styðja börnin í að þekkja sín mörk og hvar þau vilja leika og með hvað. Aukið frumkvæði starfsfólks í skipulagningu á leik.
Hlutverk starfsmanna í útiveru	Efla faglegt starf í útiveru.	Fræðsla Verkefnastjóri í 50% starfi sem heldur utan um hreyfi og útikennslu.	Skólastjóri Verkefnastjóri Deildarstjórar	2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfsmenn eru virkir þátttakendur í útiveru barnanna og gera sér farum að stuðla skapandi

						starf á útisvæði.
Útinám	Auka útinám - allt sem hægt er að gera inn er hægt að gera úti bæði innan lóðar og utan. Þetta gildir líka fyrir yngri hópinn sem fær fasta útinámstím a eftir hreyfistundir með Hildi á þriðjudögum.	Gefa útinámi sérstakan tíma í dag- og vikuskipulagi.	Deildarstjóri og leikskólakennari á deild.	Starfsárið 23-24	Deildarfundir og skráningar á útinámi.	Skráningar

Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2022-2023

Elsta deild skólans heitir Græna deild og dvelja þar 30 börn. Skólaárið 2022-2023 dvöldu þar 15 börn fædd 2017 (6 drengir, 9 stúlkur), 13 börn fædd 2018 (6 drengir, 7 stúlkur) og 2 börn fædd 2019 (drengir).

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Í umbótaáætlun síðasta árs var ákveðið að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem sett voru fram í fyrri áætlun og sneru að flæði, umhverfi og efnivið í starfi, í anda Reggio Emilia. Á starfsdegi í september var námskeið í Reggio Emilia fræðum fyrir alla starfsmenn og einnig fóru 4 kennarar, ásamt leikskólastjóra, til Ítalíu á skólaárinu til að mennta sig enn frekar í fræðunum. Áfram var ákveðið að leggja ríka áherslu á skriflegar/myndrænar skráningar í námsbækur barnanna.

Flæði, umhverfi og efniviður í starfi í anda Reggio Emilia

Á Grænu deildinni eru elstu börnin í leikskólanum. Á þessu skólaári höfum við verið að skoða og endurhugsa umhverfi deildarinnar. Við höfum fært til og endurskipulagt hillur og reynt að gera allan efnivið aðgengilegri. Umhverfið á deildinni hefur verið svolítið á hreyfingu þetta skólaár, enda má það taka sífelldum breytingum þegar starfað er í anda Reggio Emilia, þar sem við vinnum út frá áhuga barnanna hverju sinni og sköpum þeim umhverfi og efnivið sem hentar hverju sinni. Við höfum haft að leiðarljósi að reyna að skapa börnum og starfsmönnum gott vinnuumhverfi. Flestar breytingarnar hafa verið til góðs, en



sumar þó vissulega ekki reynst eins góðar og hefur þá þurft að breyta fljótt aftur.

Við endurskipulögðum listasvæðið okkar til að gera fjölbreyttan efnivið enn aðgengilegri, skipulagðari og meira aðlaðandi. Við lögðum áherslu á flæði og frjálsa listsköpun á listastöð, án áherslu á útkomu og skilaði það sér í meiri áhuga og gleði hjá börnunum.

Við höldum áfram að setja reglulega fram kveikjur/leikboð innan deildarinnar og reyndist það mjög vel. Eitt svæði, sem áður var lítið nýtt, hefur nú fengið það hlutverk að hýsa svona kveikjur/leikboð og hefur þar verið reglulega skipt um efnivið á skólaárinu. Einnig útbjuggum við lítil leikboð í plastboxum, sem hægt var að grípa í þegar áhugi var fyrir hendi.



Við reyndum eins og kostur var að hafa frjálst flæði í öllu stafi á deildinni, en þurftum þó að styðjast við stýringar á svæðum innan deildarinnar vegna barna sem þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum og hentaði frjálst flæði ekki eins vel og öðrum.

Skapandi starf í anda Reggíó Emilía – skráningar

Skráningar skipa stóran sess í starfi leikskólans. Á þessu skólaári vildum við auka færni starfsmanna í að nota mismunandi skráningarform. Allir starfmenn tóku þátt í myndrænni skráningu á námi og starfi barnanna og flestir tóku einnig þátt í skriflegum skráningum. Hópstjórar sáu um að gera skráningar fyrir námsbækur barnanna. Til að auka upplýsingaflæði til foreldra sendum við einnig út regluleg fréttabréf (SWAY). Í því voru skriflegar og myndrænar skráningar af upplifun og námi barnanna í leikskólanum. Þar var til að mynda fjallað um daglegt starf, útinám, afmæli barnanna, stöðvavinnu, ferðir og uppákomur í leikskólanum o.fl. Almenn ánægja var meðal foreldra með fréttabréfin og þau því komin til að vera og teljast partur af þeim skráningum sem gerðar eru á námi og starfi barnanna á deildinni.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaþáttum á árinu, þó mikið magn skráninga í námsbók, ásamt reglulegum fréttabréfum, hafi skapað talsvert álag á þá tvo starfsmenn sem sáu alfarið um þann þátt.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess vel að halda jákvæðri sýn á börnin og muna að þau búa öll yfir sköpunarkrafti og hugmyndum. Vera dugleg að vinna með börnunum – rannsaka með þeim, læra, hlusta, skrá, taka þátt og ígrunda bæði kennslu og nám.
- Barn þroskast í samtali við umhverfið sem það er í. Halda áfram að vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu hjá okkur á deildinni.
- Endurhugsa ferli í kringum skráningar, skoða hvar hægt er að gera breytingar til að minnka álag.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið dýpka vinnu með vináttu með því að nota kennslugögnin betur, t.d. með því að nota verkefnabókina með vináttuverkefni Blæs meira, sem og löggin og hreyfingar við þau.

Vinátta



Áfram var unnið, líkt og undanfarin ár, með Vináttuverkefni Barnaheilla. Hvert barn hefur sinn Blæ bangsa, sem voru alltaf aðgengilegir. Yngri barnahópurinn hafði sína bangsa með í hvíldartímum og báðir hópar tóku bangsana sína gjarnan með í leik.

Á síðasta skólaári unnum við með vináttuverkefni sem þróað var út frá forvarnarverkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur og Vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem rík áhersla var lögð á *vináttu, samskipti og samvinnu*. Verkefnið reyndist vel svo áfram var unnið með það hjá á þessu skólaári. Við höldum vinafundi með elstu börnunum, lögðum inn hugtök og unnum með þau í samvinnuleikjum og leikþáttum. Reyndist þessi vinna vera góður grunnur fyrir vinnu barnanna að leikriti, sem elstu börnin setja jafnan upp á síðasta árinu sínu í leikskólanum. Áttu þau einstaklega fallega samvinnu þegar kom að vinnunni í kringum leikritið.



Tækifæri til umbóta

- Halda áfram með vináttuverkefnið, finna því stað hjá báðum hópum, endurmeta og breyta/bæta ef þarf.

Mál og læsi

Markmið skólaársins var að setja frásagnarbókina aftur á dagskrá og vinna áfram með sjálfsstyrkingu og framkomu og að nýr deildarstjóri færi á námskeið í K-PALS aðferðinni.

Frásagnarbók/sjálfsstyrking

Frásagnarbókin var ekki endurvakin að sinni en í vináttuverkefninu, sem og í árlegri leiksýningu barnanna á Grænu deildinni, var unnið mikið með sjálfsstyrkingu og framkomu. Einnig voru þessir þættir reglulega æfðir í samveru- og söngstundum.

Yngri hópur - LUBBI

Yngri hópurinn vann með Lubba námsefnið líkt og undanfarin ár. Sérstök *Lubbastund* var einu sinni í viku þar sem farið var yfir mállhjód vikunnar. Einnig unnu öll börnin á deildinni að sameiginlegu stafrófi, þar sem hvert og eitt barn vann 1 staf.



Einnig var unnið með þjálfunaraðferð sem kallast *Gefðu 10* til að styrkja þau börn sem þurftu á sérstakri málörvun/styrkingu að halda.

Eldri hópur: nafnaverkefni - K-PALS



Elsti árgangurinn vann verkefni sem tengdist nöfnunum þeirra í upphafi skólaársins. Við skoðuðum nöfnin, fengum upplýsingar um hvernig foreldrar þeirra völdu þau og fundum merkingu nafnanna, töldum stafina og fjölda atkvæða.

Eftir vinnuna með nöfnin fóru börnin í elsta hóp í K-PALS lestrarþjálfun. K-PALS er svokölluð félagakennsla, þar sem börnin vinna saman í pörum (raðað eftir niðurstöðum úr HLJÓM-2) og er hugsuð til að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af börnum með jafningjamiðlaðri nálgun. Hópstjóri elsta hóps fór á námskeið í K-PALS og kenndi stundirnar ásamt sérkennslustjóra. K-PALS kennslustundirnar hafa löngu sannað gildi sitt og kölluðust gildi þeirra og vinnureglur líka vel á við vináttuverkefnið sem unnið var með elstu börnunum á deildinni.



Tækifæri til umbóta

- Vinna meira/nánar með mállhjóðin hjá yngri hópnunum.
- Notaðu áfram *Gefðu 10* til að styrkja þau börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.

Umbótaáætlun **Grænu** deildar fyrir starfsárið 2023-2024

Umbótapáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í anda RE	Betra skipulag á deildinni og aukið flæði (nýta þriðja kennarann betur). Efla fræðslu um starf í anda Reggio Emilia.	Auka umræðu og fræðslu um RE á starfsdögum og deildarfundum. Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu á deildinni.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnaenda	Að starfsmenn hafi öðlast skilning og frekari færni í að starfa í anda Reggio Emilia. Vel skipulagt umhverfi á deildinni.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Gera nám barnanna og hæfileika sýnilega með myndrænum og skriflegum skráningum.	Skoða hvað það er sem við erum að skrá, skrá námsferli frekar en viðburði. Senda reglulega skráningar í formi fréttabréfs.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnaenda	Starfsmenn geti metið og skilið börnin og lærdóm þeirra og áhrifin sem þeir sjálfir hafa.
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Styðja betur við börn sem glíma við hegðunarvanda og/eda vanlíðan. Auka gæði í samskiptum milli barna og milli barna og fullorðinna.	Starfsfólk góðar fyrirmyndir, aðstoði börn í leik og kenni samskipti. Starfsfólk sé á staðnum og grípi inní áður en samskipti verða erfið.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnaenda	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti milli barnanna. Allir starfsmenn virkir þátttakendur. Meiri ró á deildinni.
Vináttu verkefni	Efla jákvæð samskipti og félagsfærni. Forvörn gegn einelti.	Vinna markvisst með vináttuverkefnið fyrir báða hópa.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti milli barnanna.
Teiknihvöld	Minnka álag og skapa meiri ró í teiknihvöld.	Slaka á kröfum, einblína á teiknihvöld sem hvíldartíma, en ekki fyrir úrvinnslu verkefna.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Meiri ró hjá eldri hópnum, meiri tími fyrir frjálsa teikningu.
Vísdomsstundir	Endurskoða út frá Reggíóhugsun og áhuga barnanna.	Sleppa vísdoms- bókum, en bjóða upp á verkefni á lausum blöðum.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2023-24	Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Hópstjóri hafi náð tökum á efninu og geti haldið utan um K-PALS stundir.
Mál og læsi: Lubbi	Gæta þess að markviss vinna með Lubba námsefnið detti ekki niður á Grænu deild.	Gera meira úr Lubbastundum, vinna með efnið á fjölbreyttari hátt. Skoða að tengja við <i>Stafagaldur</i> .	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2023-24	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Að börnin hafi eflst í hlustun og skilningi og aukið orðaforða sinn.
Ferðir: Fjöruferð	Finna góða fjöru með nægum efnivið til að rannsaka. Einfalda skipulag og draga úr kostnaði.	Skoða að fara í fjöru og safn sem er nær.	Deildarstjóri/ sérkennslustjóri	Skólaárið 2023-24	Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Minna álag og kostnaður og meiri gleði vegna þessa árlega viðburðar.
Útinám: Göngutúrar	Auka fjölbreytni, efla náttúrulæsi, fækka heimsóknum á	Vanir kennarar fari með öreynndari í gönguferðir. Skipuleggja ferðir og	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2023-24	Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Aukið náttúrulæsi og áhugi barna og starfsmanna.

	leikvelli í gönguferðum.	reyna að hafa þær fjölbreyttar.				
--	--------------------------	---------------------------------	--	--	--	--

Innra og ytra mat skólaárið 2022-2023

Innra mat:

Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna:



Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegru umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskona lífsbók, fyrir hvert leikskólaár. Námsbækurnar eru líka mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar eftir hvert starfsár og skapa þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir foreldrum og fleirum frá. Hluti af skráningum eru einnig Sway fréttabréf sem send eru reglulega út til foreldra þar sem þeim gefst færi á að sjá í bæði myndum og ritmáli þau verkefni sem unnið er með hverju sinni.

Mat 4ra og 6 ára barna á skólastarfi

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin eru góðu jafnvægi og líður vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskur og kjötsúpa vinsælaust hjá börnunum.

Ekki verða gerðar umbætur út frá mati barnanna að þessu sinni.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausa könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun.

Það er ánægjulegt að segja frá því að starfsmannakönnunni kom glögglega í ljós að starfsfólkið er heilt yfir ánægt í starfi og telja skólastjórnunina góða. Fram kom að fólk telur sig hafa jákvæð áhrif á skólastarf Regnbogans með ýmsum styrkleikum s.s. þolinmæði, virðingu í samskiptum og svo mætti lengi telja. Þá telur starfsfólk að könnunin sé of löng og óskar eftir bæði styttri könnun og krossaspurningum. Starfsmannakönnun verður yfirfarin, einfölduð og uppsetningu breytt eftir ábendingar frá starfsfólki.

Sameiginleg endurmat

Matið fer fram á samræðum/viðtölum og á deildar- og starfsmannfundum. Deildarstjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram eru komnir og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræður um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm og bæta úr jafnóðum og koma í gagnið.

Endurmat stjórnenda

Fer fram reglulega yfir árið á deildarstjórafundum þar sem staðan er tekin á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Í júní var haldinn endurmatsfundur þar sem teknar voru saman niðurstöður frá ofantöldum matsþáttum og gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Ytra mat:

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasvið var tvíþætt að þessu sinni. Spurningarlisti var sendur út í september og síðan heimsóttu eftirlitsaðilar leikskólann fimmtudaginn 3. nóvember 2022. Það voru þær Auður Ösp Guðjónsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir sem komu í heimsókn í Regnbogann og framkvæmdu matið. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að gögn s.s. skólanámskrá, starfsáætlun ofl. séu í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum. Skil var á ársreikningi skólans en athugasemda var gefin fyrir að ársreikningurhafi ekki verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og verður úr því bætt – en vert er að benda á að krafa um slíkt samræmist engan veginn ársreikningalögum og er litlu rekstrarfélagi afar kostnaðarsamt.

Foreldrakönnun Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins fór fram í maí 2023 – alls fengust svör foreldra 56 barna.

Þá voru keyptar aukaspurningar fyrir Regnbogann spurt var hvað ertu ánægð/ur með á deild barns þíns og er eitthvað sem betur mætti fara. Þá var spurt um lestur Sway fréttabréfanna.

Svörin voru afar jákvæð og fékk starfsfólk, viðmót starfsfólks, faglegt starf og aðbúnaður mikið hrós frá foreldrum.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla stjórnendur sem faglega leiðtoga	Gefa stjórnendum tækifæri til að efla sig í hlutverki sínu sem faglegir stjórnendur og ná enn betur tókum á þeim fjölbr. áskorunum sem felast í starfinu. Stöðug verkefni á komandi skólaári.	Námskeið Fagfundir Reggíó Emilía	Skólastjóri	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjórafundum	Stjórnendur hafi eflst í starfi og hafi aukið við færni sína í að takast á við verkefni sem snúa bæði að faglegu starfi og stjórnun?
Skapandi starf í anda Reggio Emilia - áframhaldandi	Haldið verður áfram að vinna að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun Fagleg samtöl á deildarfundum og deildarstjórafundum	Reggio námskeið við Loriz Malaguzzi stofnunina apríl 2024 þegar bókið fyrir 3 kennara á hvort námskeið	Skólastjóri stjórnendur	Skólaárið 2023-2024	Skipulagsdagur Deildar- og stjórafundir Endurmat Námskeið í Reggio Emilia í apríl 2024	Í öllum leikskólunum er unnið samkvæmt áherslum leikskólans á Skapandi starf í anda RE.
Fræðsla til starfsmanna Hegðunarerfiðleikar og raskanir Lubbi Einingakubbar	Starfsfólk sé betur upplýst um að takast á við hegð.erfiðleika í takt við áherslur um tilfinningalega styðjandi umhverfi	Fræðsla til starfsmanna ýmist á deildarfundum eða skipulagsdögum. Hvetja starfsfólk til að	Skólastjóri Sérkennslustjóri Deildarstjórar		Starfsmannakönnun Samtal um hvar sé þekki.skortur og hvernig sú fræðsla sem farið er í hefur nýst.	Starfsfólk sé öruggara að takast á við erfiða hegðun barna af virðingu, gleði og umhyggju.

Hreyfikennsla Hæglátt leikskólastarf Útikennsla – hlutv.st.fólks		sækja námskeið.				
Undirbúningsrými starfsfólks	Hér þarf að skoða hvernig við getum skipulagt sem best það umhverfi sem við höfum. Ath með að setja kofa/rými á lóð til undirbúnings	Ath með leyfi til að setja hús á lóð – sótt um hjá Rvkborg leyfi. Sett við hlið matsalar.	Skólastjóri	2024	Með byggingu húss	Betri aðbúnaður starfsfólks.
Eiturefni í leikföngum	Vera meðvituð um að hvort eiturefni sé að finna í leikföngum / farga þeim þá	Farga leikefni sem gæti verið skaðlegt.	Skólastjóri Stjórnendur	Vor 2024	Með yfirferð á því leikefni sem til er í húsinu.	Þegar leikefni með mögulegu eiturefnum hefur verið útrýmt.

Leiðarljós Regnbogans:

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Lykilþættir í starfi eru: 1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi 2) Mál- og lesþroski 3) Skapandi starf í anda Reggíó-stefnunnar

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum, Regnboganum er aldrei lokað vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2023-2024 var laugardaginn 9. september.

- 1) Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók s.s. trúnaðareid o.fl.
- 2) Fræðsluerindi sérkennslu- og aðstoðarleikskólastjóra.
 - *Sýn á barnið skv Reggio Emilia*
 - *Tilfinningalega styðjandi umhverfi*
 - *Áskoranir og bjargráð í skólastarfi Regnbogans*

Skipulagsdagar og námskeiðsdagar eru að jafnaði 7-8 á ári og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísí Stoorgard sér um og er áætlaður í ársbyrjun 2024. Námskeið um slysavarnir er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í

öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Það er síðan ánægjulegt að segja frá því að bókuð hafa verið námskeið í Reggio Emilia fræðum við Loris Malaguzzi center á Ítalíu í apríl 2024. Hafa þá á sl. 2 árum alls 7 kennarar sótt námskeið í Reggio Emilia.

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum

- Námskeið sbr. ofangreint, á fyrsta skipulagsdegi í september.
- Einingakubbanámskeið í september.
- Námsferð til Reggio Emilia áætluð vor 2024.
- Herdís Storgaard verður með námskeið um slysavarnir barna, í febrúarbyrjun 2024.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir hjá starfsfólki.
- 1 eða fleiri starfsmenn fari á námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu til upprifjunar



Samstarf

Samstarf leik- og grunnskóla

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla líkt og áður auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Skólastjóri átti gott samstarf við Guðrúni Báru aðstoðarskólastjóra Ártúnsskóla.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Í ár var Ragga Gísla tónskáld ársins og sungu börn úr elsta árgangi lög eftir hana á Barnamenningarhátíðinni í Hörpu. Foreldrar þeirra fengu sent boðskort á tónleikana.



Dansnámskeið

Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Í ár sá Jóhanna Einarsdóttir um danskennsluna en hún hefur um árabil séð um kennsluna hjá okkur. Gerður hefur verið samningur um áframhaldandi dansnámskeið sem hefjast í janúar 2024.



Foreldrasamvinna

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir voru haldnir í upphafi nýs starfsárs og þá er kosið í foreldraráð, nýtt skólalagatal kynnt og starfsemi hverrar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið. Í ár tókst loks að halda foreldrafundi eftir léttun covid takmarkana og var mæting foreldra góð.


Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrjár aðalfulltrúar eru í skólaráði

og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 7 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsfélag, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum 1-2x ár ári.

Lokaorð



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Á þessu öðru ári mínu sem rekstaraðili Regnbogans hef ég lært margt og í lok skólaársins samdi ég við Fanneyju Guðmundsdóttur um að taka við stöðu aðstoðarskólastjóra, en sú staða hefur ekki verið til áður á Regnboganum. Fanney hefur starfað á Regnboganum í mörg ár og með þessari ráðningu fæ ég til liðs við mig mikinn liðsstyrk, bæði í faglegri nálgun og sem frábærs stjórnanda. Tel ég þetta skref skólanum til mikilla heilla.

Það hefur verið bæði lærdómsrík og krefjandi að takast á við skólastjórnunina þetta skólaárið og geng ég full tilhlökkunar inn í nýtt skólaár.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík október 2023

Sigríður Dröfn Ámundadóttir

Leikskólastjóri

Fylgiskjöl

- Innra mat sérkennslu og Innra mat - fjöltyngd börn í einu skjali
- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf leik- og grunnskóla, sambærilegt sl. árum
- Skóladagatal

1 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Skipulag sérkennslu er ávallt metin út frá hverju barni. Lögð er áhersla á að barn sem þarf sérstakrar þjálfunar sé hluti af barnahópnum og taki þátt í öllu starfi með öðrum börnum. Einstaklingsþjálfun fer fram bæði inni á deild og utan deildar eitt með kennara og í litlum hópum, eftir þörfum hvers barns.</p> <p>Skráning á þjálfun fer eftir hverjum einstaklingi. Notuð eru eyðublöð til útfyllingar með einstaklingum sem þurfa mikla þjálfun en önnur þjálfun eins og málörvun er skráð eftir hvern tíma þar sem metin er hvernig hefur gengið og hvort endurtaka eigi sama næst eða bæta einhverju við.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Færnilistar sem notaðir eru til að meta stöðu barna og framfarir eru AEPS, Tras, Efi2, Íslenski máhljóðamælirinn, Hljóm-2. AEPS færnilisti er notaður til að meta stöðu og framfarir barns og skipuleggja þjálfun þeirra barna sem þurfa frekari þjálfun. AEPS listar eru unnir í samvinnu við foreldra. Fleiri matsblöð eru notuð þegar meta þarf þroska frekar í samvinnu við sérfræðinga hjá þjónustumiðstöð eins og t.d. Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og Gátlisti fyrir málþroska.</p> <p>Efi-2 málþroskaskimun er lagður fyrir börn á fjórða ári og notaður til að skipuleggja málörvun í þeim hóp. Ef barn kemur slakt út á Efi-2 er hafin samvinna við foreldra og síðan lagt fyrir aftur eftir nokkra mánuði til að meta framfarir og hvort þörf er fyrir frekari þjálfun eða sérfræðiaðstoð.</p> <p>Íslenski máhljóðamælirinn hefur verið lagður fyrir þau börn sem vantar upp á framburð. Einnig er hann lagður fyrir öll</p>

	<p>börn á síðasta ári í leikskóla til að meta hvað máhljóð séu enn ekki komin, svo hægt sé að þjálf þau áður en þau fara í grunnskóla. Íslenski máhljóðamælirinn er einnig notaður til að meta hvort þörf sé á að sækja um mat hjá talmeinafræðingi.</p> <p>Hljóm2 er lagt fyrir börn á síðasta ári í leikskólanum þar sem færni er metin í hljóðkerfisvitund. Ef það vantar upp á færni í einhverjum þáttum þá er hægt að vinna þá í samvinnu við foreldra áður en barnið byrjar í grunnskóla. Skimunin er lögð fyrir um haust og svo aftur eftir áramót fyrir þau börn sem eru með slaka færni.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í Regnboganum er unnið með námsefni eins og Lubbi finnur málbein, Vinaverkefni barnaheilla um Blæ, Máhljóðakassinn, ýmis forrit í Ipad eins og t.d. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar, ýmis skynjunar forrit og flokkunar forrit.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málproskamat	Meta málproska allra barna í leikskólanum til að skima fyrir mál-erfiðleikum	Leggja EFI-2 málproska-skimun fyrir börn snemma á fjórða aldursári, þannig að hægt sé að leggja það	Kristbjörg sérkennslu-stjóri.	Sumar 2023	Vor 2024	EFI-2 málprosk askimun	Leggja fyrir öll börn á fjórða aldurs-ári og tvisvar fyrir þau börn

		fyrir aftur fyrir þau börn sem koma slök út og hafa fengið aukna málörvun.					sem koma slök út.
Þjálfun starfsmanna	Auka færni og þekkingu starfsmanna á að þjálfa börn í gegnum leik, í málörvun, félags- og leikfærni.	Starfsmenn fylgjast með þjálfun sem fer fram í gegnum leik.	Kristbjörg sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum.	Umræður á deildarfundum.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið úthlutað í námsgögn eins, Ipad og námsforrit í Ipad, spil og skynjunardót.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lesið er fyrir börnin daglega og unnið markviss með orðaforða m.a. í gegnum námsefnið Lubbi finnur málbein. Börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda eru í málörvunarhópum þar sem unnið er út frá þörfum hvers og eins barns. Þau eru einnig í minni hópum í lestrarstundum svo hægt sé að styðja betur við málið hjá þeim. Notuð er aðferðin Gefðu 10 fyrir börn með fleiri en eitt tungumál auk annarra barna sem eru slök í mál- eða félagsþroska.

	<p>Þar sem nokkuð mörg börn hafa þörf á málörvun þennan veturinn þá höfum við unnið með Gefðu 10 fyrir 2-3 börn í einu á hverri deild í 2-3 vikur í einu og síðan skipt. Þannig hefur það gengið betur að halda utan um það og við sjáum að auðveldara er að standa við þau markmið sem sett eru.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Markvisst er unnið með Lubbi finnur málbein alveg frá því að börnin byrja í leikskólanum og er það útfært eftir aldri og þroska. Við erum stöðugt að meta og breyta og bæta okkur í vinnu með námsefnið um Lubba sérstaklega á elstu deildinni. Þar hafa þau flest unnið með efnið frá því þau voru á Gulu deild og hafa flest náð góðri færni í því.</p> <p>Les- og samverustundir eru nýttar vel í að auka orðaforða barnanna, þar er lögð áhersla á umræðu um flókin orð og börnin eru hvött til að spyrja um orð sem þau skilja ekki.</p> <p>Lögð er áhersla á að tala mikið við börn og að þau heyri ríkulegan orðaforða í öllum aðstæðum í leikskólanum. Gefðu 10 kemur þar líka inn fyrir ákveðinn hóp barna sem eru fjöltyngd eða önnur börn sem eru slök í málþroska.</p> <p>Mikið er unnið með texta og þulur þar sem áhersla er lögð á skilning og aukinn orðaforða.</p> <p>Börnin fá þjálfun í að segja frá fyrir framan vini sína. t.d. segja frá því sem þau gerðu í sumarfríinu.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Notast er við orðaforðalista menntamálastofnunar sem viðmið við hvaða hugtök börn eiga hafa á valdi sínu miðað við aldur. Við notum Tras, Efi2, AEPS og Hljóm til að fylgjast með framförum og endurmeta þjálfun.</p>

	<p>Sérkennslustjóri er að kynna sér hæfniramma og stefnir á að nota þá til að meta getu fjöltyngdra barna og halda þannig betur utan um getur þeirra og framfarir.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Tras, EFI-2, íslenski máhljóðamælirinn og AEPS eru notuð til að meta alla þessa þætti og eru notað til að skipuleggja málörvun og frekari þjálfun barna sem þurfa á því að halda.</p> <p>Mikil áhersla er lögð á að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfi barnanna.</p> <p>Unnið er með málvitund og hljóðkerfisvitund frá upphafi leikskólagöngu sem er svo útfærð og aukin eftir aldri og þroska barnanna.</p> <p>Börnin fá reglulega tækifæri til að æfa tjáningu og frásöng bæði eitt fyrir kennara og fyrir framan önnur börn. Í umræðu og sögugerð, auk þess sem börnin fá að koma upp í samverustundum til að segja frá til skiptis. Í söngstundum fá börnin að koma upp og syngja eða stýra söng eitt eða með öðru barni, þar sem þau fá æfingu í framsögn og að fara með söngtexta.</p> <p>Auk þess sem börn með slaka frásagnafærni fá aukna þjálfun í frásögn í einstaklingsþjálfun.</p> <p>Unnið er með vinaverkefni frá Barnaheillum, um bangsann Blæ. Þar er mikið rætt um tilfinningar og börnin æfð í félagsfærni með sögulestri, umræðum og æfingum.</p> <p>Þegar unnið er sérstaklega með barni sem þarf aukna þjálfun í hverju sem er, þá er ávallt reynt að vinna út frá styrkleikum og áhuga barnanna.</p>

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun barna af erlendum uppruna	Bæta móttöku barna og foreldra af erlendum uppruna.	Búa til markvissari móttökuáætlun fyrir foreldra og börn af erlendum uppruna	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haust 2023	Vor 2024		
Mat á stöðu fjöltyngdra barna	Halda betur utan um stöðu fjöltyngdra barna bæði í tungumálinu og félagslega.	Nota hæfniramma til að meta stöðu og framfarir.	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Fylla út hæfnisramma	Meta árangur þegar fyllt er út aftur.

Pema eða viðfangsefni hversrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2023-2024

September	Oktober	November	Desember	Januar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst
1	1	1	1 Fullveldi Íslands	1 Nýársdagur	1 danskensla	1	1 Annar í páskum	1. Dagur verkal.	1	1	1 Sumarleyfi
2	2	2	2	2	2	2 Árshátíð	2	2	2	2	2 Sumarleyfi
3	3	3	3	3	3 Slysav.námsk. 8-12	3 Regnboginn 21 árs	3	3	3	3	3
4	4	4	4	4 Danskensla hefst	4	4	4	4.	4	4	4
5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5 Starfsm.grill	5 Frid.versl.manna
6	6 Bleikur dagur	6	6	6 Prettándinn	6	6	6	6	6	6	6 Sumarleyfi
7.	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7 Sumarleyfi
8	8	8 Græna-ð/a kaffi	8 jólaleikr.+rauður d	8	8	8	8	8	8 Endurm.fundur	8	8 Sumarleyfi
9	9	9	9	9	9 danskensla+blár dagu	9 Skipulagsdagur	9	9 Uppstigningadagur	9	9	9 Sumarleyfi
10	10	10. Jól í skókassa	10	10	10	10	10.	10	10	10	10
11	11	11	11	11	11	11	11	11 Endurm.dagur	11	11.	11
12	12.	12	12	12 Danskensla	12 Bolludagur	12	12	12	12	12. Sumarleyfi	12 Sumarleyfi
13	13 Endurm.stjórne	13	13	13 Skipul.dagur	13 Sprengidagur	13 Lestrarsprettur	13	13	13	13	13 Stjórnendafundur
14	14	14	14	14	14 Öskudagur	14	14.	14	14	14.	14 Nýtt skólaár hefst
15.	15	15	15 Litlu jól+fore.kaffi	15	15 Danskensla	15 Grænn d agur	15.	15 Útskriftarferð	15	15. Sumarleyfi	15
16 Skipulagsdagur	16	16 dagur ísl.tungu	16	16	16 konud.kaffi	16	16	16	16	16 Sumarleyfi	16
17	17	17	17	17	17	17	17.	17	17 Lýðveldisdagurinn	17 Sumarleyfi	17
18	18	18 Skipulagsdagur	18	18 Danskensla	18 Konudagurinn	18	18.	18.	18	18 Sumarleyfi	18
19	19	19	19	19 Bóndad. Sauðaliti D	19	19	19.	19 Hvítasunna	19	19 Sumarleyfi	19
20. Gula kl. 20.00	20	20	20	20	20	20	20.	20 Annar í Hvítasunnu	20	20	20
21 Rauða kl.20.00	21	21	21	21	21	21 Rauða fore.kaffi	21.	21	21	21	21
22	22	22	22	22	22	22 Gulur dagur/páskae	22.	22 Útskrift	22	22 Sumarleyfi	22
23	23	23	23 Þorláksmessa	23	23 Danskensla	23	23 B.menn.hátíð	23 Víkingasveit hefst	23	23 Sumarleyfi	23
24	24	24	24 Aðfangadagur	24	24	24 Pálmasunnudagur	24	24	24	24 Sumarleyfi	24
25	25	25	25 Jóladagur	25	25	25	25 Sumard.1/Opið hús	25. Sveitaferð Miðdal	25	25 Sumarleyfi	25
26 Græna kl. 20.00	26	26	26 Annar í jölum	26 danskensla	26	26	26	26. kl. 10.30	26	26 Sumarleyfi	26
27	27 Bangsa + nátt	27	27 Lokað	27	27	27.	27	27	27	27	27
28.	28 Skipul.d stj.	28	28 Lokað	28	28	28 Skirdagur	28	28.	28	28	28
29	29	29	29 Lokað	29		29 Föstudagurinn langi	29.	29	29	29 Sumarleyfi	29
30	30	30	30 Lokað	30		30	30	30	30	30 Sumarleyfi	30
	31		31 Gamlársdagur	31		31		31		31 Sumarleyfi	31
Vinátta		Hugrekki		Umburðarlyndi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálfstæðir skólar) ráðstefnu- og námskeiðsdagar í mars

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og feb- Jóhanna (staðf.)

1. skipulagsdagur - fræðsla og Reggio dagur

Þórdís kemur 10 des. Kl. 9:15 (staðf.) og litu jólin og fore.kaffi vikuna á eftir

Slökkviliðið heimsókn til elstu barnanna fimmtud. 14. október kl. 13

Víkingasveitin er sumarleidd elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt fólk**

Gildi Regnbogans eru: **Virðing - Gleði - Umhyggja**